

Umsögn SAMFOK



SAMFOK

Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík

35 ára

1983 - 2018

Reykjavík 30.11.2018

Umsögn um drög að skýrslu og tillögum stýrihóps um endurskipulagningu og framtíðarskipan hverfisráð.

Stjórn SAMFOK, Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík vill benda á að í tillögum um framtíðarskipan hverfisráða er hvergi minnst á þátttöku foreldra- eða íþróttafélaga. Einungis er tillaga um að íbúasamtök fái fasta fulltrúa auk fulltrúa valda með slembiúrtaki. Fjöldi grunnskólabarna í Reykjavík er í kringum 15000 og bakvið þá tölu má gera ráð fyrir 30000 foreldrum sem eru flestir á einn eða annan hátt þátttakendur í fjölbreyttu starfi foreldra- og íþróttafélaga. Það er ekkert sem tryggir að fulltrúar íbúasamtaka eða fulltrúar valdir með slembiúrtaki séu einnig foreldrar tengdir foreldrafélögum og því leggjum við til að fulltrúum völdum með slembiúrtaki verði fækkað um einn í hverju borgarhlutaráði en foreldrafélög hvers borgarhluta fái einn fastann fulltrúa á móti. Með þessu yrði frekar tryggt að hverfisráð hafi sterk tengsl við fyrirtæki, félagasamtök, grasrótahreyfinga og íbúasamtök á sínu starfssvæði og gefi öllum íbúum tækifæri til að hafa áhrif í borgarkerfinu.

Fyrir hönd SAMFOK,

Áslaug Eggertsdóttir, formaður foreldrafélags Vættaskóla og stjórn SAMFOK

Guðlaug Karlsdóttir, fulltrúi foreldra í skólaráði Foldaskóla og stjórn SAMFOK

Hrefna Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra í skólaráði Húsaskóla og stjórn SAMFOK

María Sastre, stjórn SAMFOK

Þórunn Steindórsdóttir, formaður foreldrafélags Laugalækjarskóla og stjórn SAMFOK

Sigríður Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK

SAMFOK - Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík

Háaleitisbraut 13 - 108 Reykjavík - S: 562-7720

Netfang: samfok@samfok.is

Heimasíða: samfok.is